

# Reglur skattrannsóknarstjóra ríkisins um kyrrsetningu eigna

## 1. gr. Lagaheimildir

Til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum sem sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins er heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi beinist að skv. 109. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, 40. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, ef hætta þykir á að eignum verði ella skotið undan eða þær glatist eða rýrni að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Heimild til að krefjast kyrrsetningar byggist á 14. gr. laga nr. 150/2019, um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

## 2. gr. Kyrrsetningarpólar

### Kyrrsetning á grundvelli skattkröfu:

- Ef skattaðili er einstaklingur getur kyrrsetningargerð á grundvelli skattkröfu beinst að skattaðila sjálfum og maka hans ef um er að ræða hjón, samskattað sambúðarfólk eða einstaklinga í staðfestri samvist, sbr. 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- Ef skattaðili er lögaðili getur kyrrsetningargerð á grundvelli skattkröfu einvörðungu beinst að fyrirsvarsmanni beri hann ábyrgð skv. 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og/eða ef hann ber beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 150/2019.
  - Ábyrgð vegna skuldbindinga samlagsfélaga fellur hér undir.

### Kyrrsetning á grundvelli sektarkröfu:

- Ef skattaðili er einstaklingur getur kyrrsetningargerð á grundvelli sektarkröfu einvörðungu beinst að skattaðila sjálfum.
- Ef skattaðili er lögaðili getur kyrrsetningargerð á grundvelli sektarkröfu beinst að skattaðila sjálfum og fyrirvarsmönnum hans eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur beinist að um refsiverða háttsemi framin í rekstri lögaðilans.
- Ef skattaðili er lögaðili og bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur kyrrsetningargerð á grundvelli sektarkröfu einvörðungu beinst að fyrrum fyrirvarsmönnum hans eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur beinist að um refsiverða háttsemi framin í rekstri lögaðilans.

### **3. gr.**

#### **Skilyrði kyrrsetningar**

Rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi samkvæmt 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, 19. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, þarf að liggja fyrir.

Kyrrsetningu verður ekki beitt nema fyrir liggi rökstuddur grunur um stórfelld skattalagabrot þannig að meint háttsemi kunni að varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til að brot teljist stórfelld skal brotið lúta að verulegum fjárhæðum. Brot getur jafnframt talist stórfelld hafi verknauður verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots, svo og ef maður hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sams konar brot.

Kyrrsetningu verður ekki beitt ef vafi leikur á um skattskyldu, ábyrgð aðila er óljós eða mál að öðru leyti svo vaxið að vafi sé um skattendurákvörðun eða refsíábyrgð.

### **4. gr.**

#### **Ákvörðun um tilkynningu um kyrrsetningu**

Tilkynning til Skattsins um kyrrsetningu skal eiga sér stað á meðan mál er til meðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, að jafnaði á fyrstu stigum rannsóknar, nema mál sé þess eðlis að

ætla megi að það sæti verulegum breytingum eftir því sem rannsókn framvindur, t. a. m. um meintan undandreginn skatt.

Ákvörðun um tilkynningu er tekin af skattrannsóknarstjóra ríkisins eða staðgengli hans og forstöðumanni lögfræðisviðs embættisins.

## **5. gr.**

### **Tilkynning til Skattsins**

Skatturinn (ríkisskattstjóri) annast rekstur mála að kröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins skv. 1. mgr. 14. mgr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

Skal skattrannsóknarstjóri ríkisins í kyrrsetningarkröfu sinni til Skattsins tilgreina ætlaðar fjárhæðir vantalinna skatta skattaðila samkvæmt rannsókn þess máls sem um ræðir svo sem hún þá stendur, sem og um fjárhæðir fésekta sem kunni samkvæmt rannsókninni að verða gerðar skattaðila eða öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi beinist að. Í tilkynningu skattrannsóknarstjóra ríkisins til Skattsins skulu rakin málsatvik og lagarök fyrir tilkynningu. Koma skal fram hver hin meintu refsiverðu brot teljist vera og refsíákvæði vegna þeirra.

Með tilkynningu til Skattsins skal fylgja sundurliðun á kyrrsetningarfjárhæð. Þá skulu fylgja önnur skjöl sem nauðsynleg teljast til að Skatturinn getið tekið ákvörðun um hvort farið skuli áfram með kyrrsetningu. Skattinum er heimill aðgangur að öllum nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sem skattyfirvöld, fjármálastofnanir og aðrir aðilar búa yfir, sbr. 19. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

Ákvörðun um hvort farið skuli fram með kyrrsetningu er tekin af Skattinum á grundvelli tilkynningar frá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Fer Skatturinn með rekstur kyrrsetningarmála. Um framkvæmd og gildi kyrrsetningar fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

## **6. gr.**

Þegar úrskurður Skattsins og eftir atvikum yfirkattanefndar um endurákvörðun skattstofna liggur fyrir skal upplýsa tengilið Skattsins sem hefur umsjón með kyrrsetningum um það. Hið sama á við um niðurstöðu dómstóla um skatt- og eða greiðslukröfu. Ef endurákvörðun leiðir ekki til þess að skattar verði hækkaðir skal tengilið Skattsins tilkynnt um það án tafar.

Skattrannsóknarstjóri skal greina sérstaklega frá því í framsendingu mála til Skattsins vegna endurákvörðunar og í vísun mála til héraðssaksóknara um að mál hafi sætt kyrrsetningu. Einnig skal upplýsa yfirskattanefnd um kyrrsetningu máls ef mál sætir kærumeðferð þangað.

Kyrrsetning fellur niður ef rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins leiðir ekki til þess að skattar verði hækkaðir, eða skattaðila eða öðrum sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi beinist að verði gerð fésekt. Eru þá jafnframt felldar úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningu.

Kyrrsetning fellur niður ef þær greiðslur, sem kyrrsetning á að tryggja, eru inntar af hendi.

#### **7. gr.**

#### **Ágreiningur um kyrrsetningu**

Ágreining um lögmæti kyrrsetningargerðar má leggja fyrir héraðsdóm með sama hætti og greinir í 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

#### **8. gr.**

#### **Annað**

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann.